

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. október 2012
UST20120900077/dg

Tillaga að matsáætlun vegna kísilverksmiðju United Silicon Iceland í Helguvík

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags 13. sept. 2012, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að matsáætlun vegna kísilverksmiðju USI í Helguvík skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin

Áætlað er að reisa verksmiðju til framleiðslu á hrákísil með framleiðslugetu sem nemur allt að 100.000 tonnum á ári. Orkuþörf er talin um 130 MW að jafnaði á ári. Stefnt er að því að verksmiðjan verði með fjóra ljósbogaofna og að framleiðsla hefjist á fyrsta ársfjórðungi 2015.

Framkvæmdarsvæðið

Samkvæmt greinargerð er fylgdi erindinu er lóð áætlaðrar verksmiðju í Helguvík, skilgreind sem hafnar- og iðnaðarlóð á tilvonandi deiliskipulagi Reykjanesbæjar. Lóðin er í nálægð við Helguvíkurböfn. Í næsta nágrenni við lóðina er fiskimjölsverksmiðja SR Mjöls og tvö sementssiló í eigu Álaborg Portland er skipar upp sementi í Helguvíkurböfn. Í byggingu er nýtt álver Norðuráls og er lóð kísilverksmiðjunnar á jaðri þynningarsvæðis álversins. Í greinargerð kemur fram að hið skipulagða svæði sé hraunsvæði en nú þegar hafi undirbúningur, vegna framkvæmda, farið fram á umræddri lóð s.s. jarðvegsskipti, jöfnun jarðvegs og fl.

Fram kemur í greinargerðinni að Helguvíkurböfn hafi ákveðið að framlengja viðlegukant hafnarinnar um 100 metra sérstaklega fyrir verksmiðju USI. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt greinargerðinni sé ofangreind framkvæmd í beinum tengslum við verksmiðju USI og ætti því að mati stofnunarinnar að gera grein fyrir henni í frummatsskýrslu. Ekki kemur fram í greinargerðinni hvort áætluð framkvæmd við viðlegukant Helguvíkurböfn sé tilkynningarskyld eða matskyld skv. lögum nr. 106/2000 m.s.b. Umhverfisstofnun veur einnig athygli á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt, en Umhverfisstofnun getur þó veitt leyfi til að tilteknum efnum sé varpað í hafið, sbr. 9. gr. fyrrgreindra laga.

Í 2. kafla greinargerðarinnar er fjallað um núll-kost, þar eru dregnir upp þættir sem ekki munu ávinnast ef ekki verði af verkefninu. Umhverfisstofnun telur að þeir þætti sem teljast til umhverfisávinninga eigi einnig rétt á sér í þessari umfjöllun t.d. það að mengun eykst ekki á svæðinu.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram listi yfir þau mannvirki sem USI áætla að reisa á lóðinni Stakksbraut 9, fram kemur lengd, breidd og hæð mannvirkja. Einnig kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir staðsetningu og lögun mannvirkja og að byggingar verði settar inn á ljósmynd til þess að sýna útlit. Stærð lóðar kemur ekki fram í greinargerðinni, en að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í frummatsskýrslu liggi allir þessir þættir fyrir. Umhverfisstofnun minnir á 35. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 en þar segir að gæta skuli þess að mannvirki falli sem best að svipmóti lands.

Hráefni og afurðir

Hráefni og afurðir verða flutt til og frá landinu með skipum að höfninni í Helgavík. Umhverfisstofnun vill í því sambandi benda á hættu á landnámi framandi tegunda, sem borist geta með kjölfestuvatni, sem er ein helsta ógnun við líffræðilega fjölbreytni. Stofnunin minnir því á 6. gr. reglugerðar nr. 515/2010 um kjölfestuvatn en þar segir; „*losun kjölfestuvatns er óheimil innan mengunarlögsögu Íslands.*“ Fram kemur í tillögunni að nánari grein verði gerð í frummatsskýrslu um hvaða umhverfisáhrif flutningar á framkvæmdar- og rekstrartíma gæti haft. Flutningunum verður skipt niður í land- og sjóflutninga í skýrslunni. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði um löndunaraðstöðu m.t.t. umhverfismála, rykmengunar og áhættumats vegna hugsanlegra slysa.

Áhrif á umhverfið

Andrúmsloft:

Fram kemur í greinargerðinni að mengun frá verksmiðjunni liggi aðallega í losun CO₂ út í andrúmsloftið. Losun SO₂, NO_x og annarra skaðlegra lofttegunda s.s. PAH er sögð verða mjög lítil, en grein verði gerð fyrir losun þeirra lofttegunda í frummatsskýrslunni. Þar verði skýrt frá magntölum og aðgerðum til þess að halda útblæstri á skaðlegum lofttegundum í lágmarki og hvernig losunin samræmist stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Í umfjöllun um andrúmsloft kemur fram að vindmælingar frá Keflavíkurflugvelli verði notaðar við útreikninga á dreifingu útblásturs frá framleiðslunni og þeir útreikningar sýndir í frummatsskýrslunni. Fram kemur að í frummatsskýrslunni verði sammögnunaráhrif útblásturs verksmiðju USI og fyrirhugaðs málmbræðslufyrirtækis metin. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gerð sé grein fyrir þeim samlegðaráhrifum sem iðnaður á svæðinu hefur í för með sér. Umhverfisstofnun vill í því sambandi benda á að þaktilskipun Evrópusambandsins nr. 2001/81/EB hefur nú verið tekin upp í EES samningunum. Þar er kveðið á um leyfilega heildarlosun Íslands á nokkrum efnum m.a. brennisteinsdíoxíði. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir allri losun fyrirtækisins og hvort og þá hvaða umhverfisáhrif fyrirhuguð losun kemur til með að hafa.

Ryk:

Í umfjöllun um ryk kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir þeim búnaði sem beitt verði til að lágmarka losun ryks frá verksmiðjunni og hvernig verði staðið að hráefnisgeymslum til þess halda rykmyndun í lágmarki. Umhverfisstofnun bendir á að í þessari umfjöllun þurfi að koma fram umfjöllun um fallryk og svifryk og hvernig verði staðið að förgun þess ryks sem til fellur innan verksmiðjunnar. Stofnunin bendir á að í þessu sambandi þarf einnig umfjöllun um löndunaraðstöðu m.t.t. rykmengunar.

Heilsa og öryggi:

Í greinargerðinni kemur fram að framleiðsla í verksmiðjunni muni fara fram með bestu fánlegri tækni, bæði hvað varðar nýtingu raforku og hráefna og við mengunarvarnir. Öllum lögum og reglum um hollustuhætti og mengunarvarnir verði fylgt. Einnig kemur fram að öryggi verksmiðjunnar við náttúruvá og hamförum verði eftir gildandi lögum og reglum um mannvirki.


Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslunni ætti einnig að vera umfjöllun um viðbragðsáætlanir vegna mengunarslysa eða óhappa, bæði á framkvæmdar- og rekstrartíma verksmiðjunnar, hvort sem um er að ræða mannleg mistök eða af völdum náttúruhamfara.

Umhverfisstofnun bendir á að engin umfjöllun er í tillögunni varðandi frárennsli verksmiðjunnar og fer fram á að í frummatsskýrslu verði þeim málum gerð ítarleg skil.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að matsáætlun United Silicon Iceland.

Virðingarfyllst

A. Birna Guttormsdóttir
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri



Drífa Gústafsdóttir
sérfræðingur